Vínartónleikar í Laugardalshöll

VÍNARTÓNLEIKAR Sinfóníuhljómsveitar Íslands verða tvennir í Reykjavík og einir á Egilsstöðum; í Laugardalshöll í kvöld, föstudagskvöld, kl. 20 og þeir síðari á morgun, laugardag, kl. 17, og á sunnudag kl. 16 í íþróttahúsinu á Egilsstöðum. Hljómsveitarstjóri er Peter Guth og einsöngvari pólska sópran-söngkonan Izabela Labuda

Á þessu ári eru liðin 150 ár frá láti Johanns Strauss eldra (1804–1849) og 100 ár frá láti Johanns Strauss yngra (1852–1899), en í kynningu segir, að ekki leiki nokkur vafi á því að þeir feðgar hafi átt drýgstan þátt í því að gera danstónlist þá, sem kennd er við Vínarborg, jafn vinsæla og raun ber vitni.

Austurríski hljómsveitarstjórinn Peter Guth kemur nú í sjötta sinn til liðs við hljómsveitina á Vínartónleikum. Peter Guth er óumdeilanlega einn eftirsóttasti hljómsveitarstjóri í túlkun Vínartónlistar frá því hann kom í fyrsta sinn fram sem slíkur fyrir um það bil 20 árum. Viðbrögð gagnrýnenda voru öll á einn veg. „Peter Guth, Vínartónlistarmaður í hæsta gæðaflokki, þokki, hlýja, glæsibragur og kröftug hljómsveitarstjórn" voru fyrirsagnir blaðanna. Hæfni hans til að hrífa hljómsveit og áheyrendur með fiðluleik sínum jafnframt því að stjórna hljómsveitinni með fiðluboganum líkt og þeir Strauss-feðgar gerðu gefur tónleikum hans ósvikinn anda Vínarsveiflunnar. Peter Guth stjórnar árlega um 80 Vínartónleikum í Asíu, Ameríku og Evrópu með fremstu einsöngvurum og hljómsveitum heims.

Pólska sópransöngkonan Izabela Labuda vakti strax á námsárum sínum mikla athygli fyrir glæsilegan söng. Eftir að hún útskrifaðist úr tónlistarháskólanum í Katovice fyrir rúmum áratug hefur hún unnið til fjölda verðlauna í söngvakeppnum og atvinnutilboðin hafa streymt til hennar. Izabela Labuda er mjög fjölhæf söngkona og syngur jafnt í óperum, óperettum og stór einsöngshlutverk með hljómsveitum. Nýlega söng hún einsöngshlutverkið í níundu sinfóníu Beethovens undir stjórn Seije Ozawa, Þýskri sálumessu eftir Brahms í Austurríki og áttundu sinfóníu Mahlers í Litháen. Izabela Labuda hefur verið á tónleikaferð með Peter Guth um Bandaríkin og Evrópu og eru tónleikarnir hér lokin á þeirri ferð að þessu sinni.



Morgunblaðið/Kristinn

ÆFT fyrir Vínartónleika.



Morgunblaðið/Þorkell

BRITT Smelvær við verk sitt í vestursal Kjarvalsstaða.

Stillur Britt Smelver

SÝNING á verkum textíllistakonunnar Britt Smelvær, sem nefnist Stillur, verður opnuð í vestursal Kjarvalsstaða á morgun, laugardag.

Verk Smelver endurspegla þróun textíllistar á síðari árum og sýna vel á hve margvíslegan hátt og í hve fjölbreytt efni textíllistamenn samtímans vinna segir í kynningu Kjarvalsstaða. Tækni og efniviður eru ekki eins bundin hefðum og áður fyrr, textíllistamenn byggja nú meira á persónulegri tjáningu.

Leitin að efni og aðferð til að hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd er verkefni sem Britt Smelvær tekst gjarnan á við. Verk hennar eru þó alltaf tengd uppruna hennar í handverkinu og eru samansett úr mörgum samstæðum einingum sem mynda form eða rými. Viðfang hennar er efnið; tré, steinn, hár, þráður, mold og málmar, en á þessari sýningu er efniviðurinn pappír og gifs. Hún plíserar pappírinn og notar til að klæða veggi sýningarrýmisins, inni í rýminu skapar hún nýtt rými úr pappír og notar síðan ljós til að móta það enn frekar. Hún klæðir veggina frá gólfi til lofts. Efniviðurinn er hvítur og andrúmsloftið kyrrt, öll hljóð verða dempuð innan hinna þunnu hvítu veggja.

Britt Smelvær er fædd í Noregi en hún býr og starfar í Kaupmannahöfn. Frá um 1980 hefur hún verið mikilvirkur listamaður og haldið sýningar víða um heim, en þó mest á Norðurlöndum. Hún er einkum þekkt fyrir innsetningar sínar en einnig hefur hún unnið verk á opinberar byggingar og „landart"-umhverfisverk.

Sýningin stendur til 7. mars.

Opið er á Kjarvalsstöðum alla daga frá 10-18 og er leiðsögn fyrir almenning alla sunnudaga kl. 16.





Einar Falur Ingólfsson ferðast
um Montensinho þjóðgarðinn í Portúgal.
Í blaðinu á sunnudaginn.